

Fundargerð 450

Þriðjudaginn 25. apríl 2017 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í félagsheimilinu Miðgarði í Varmahlíð í Skagafirði. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Lilja Sigurðardóttir, Oddný María Gunnarsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Anna Lea Gestsdóttir sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-5), Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017.
3. Fundargerðir lánanefndar.
4. Breyting á gjaldskrá.
5. Breyting á verklagsreglum.
6. Staða kvenna í íslenskum landbúnaði.
7. Úthlutun rannsóknastyrkja til meistaranema
8. Fjöldi ríkisstarfa eftir landssvæðum.
9. Önnur mál.
10. Næsti fundur.

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar nr. 449 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017

AÐ fór yfir verkefni á starfsáætlun m.a. heimsóknir fyrirtækjasviðs til fyrirtækja og einstaklinga á austurlandi og vorfundar atvinnuþróunarfélaganna. Fundur er áætlaður í næstu viku með starfsmönnum í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um byggðaáætlun.

SBS sagði frá að aukið hefði verið við fjármuni í NPA þar sem fjármunir Íslands í áætluninni voru uppunir. Mörg verkefnanna hafa skilað góðum árangri og vakið athygli. Samningur var gerður við Gallup v. könnunar á þjónustusókn.

AÐ og MH fóru yfir rekstur fyrstu 3. mánaða ársins

3. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 13/17, 12. apríl 2017

AME, AÐ og HÁ fóru yfir fundargerðina.

...

...

...

...

Fundargerð lánanefndar nr. 14/17, 19. apríl 2017

AME fór yfir fundargerðina.

...

...

4. Breyting á gjaldskrá

MH kynnti breytingu á útsendingu greiðsluseðla en til stendur að hætta að senda greiðsluseðla í pósti heldur einungis með rafrænum hætti frá og með 1. júní nk.

Lagt er til að gjaldskrá Byggðastofnunar verði breytt á þann hátt að seðilgjald verði kr. 150 ef greiðsluseðill er sendur rafrænt en kr. 400 ef viðskiptavinur óskar eftir greiðsluseðli í pósti.

Samþykkt samhljóða

5. Breyting á verklagsreglum.

AME og AÞ fóru yfir minnisblað þar sem lagðar voru til nokkrar breytingar á verklagsreglum um útlánastarfsemi. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- gr. 3.4 - Tilgreint er sérstaklega hvernig stofnunin metur virði eigna sem hún tekur að veði.
- gr. 5.1 – Heimild veitt starfsmönnum til að afgreiða minniháttar breytingar án undangenginnar afgreiðslu lánanefndar. Er þetta gert til að auka afgreiðsluhraða.
- gr. 5.5 - Skýrt nánar í hvaða tilvikum mál, sem stofnuninni berast , skulu afgreiðast af stjórn.
- gr. 6.2 - Lagfært í samræmi við breytingu á lið 5.1.
- gr. 6.4 - Þar sem ekki er gerð krafa um veð fyrir lánum til atvinnureksturs kvenna var bætt við þennan lið, að ávalt sé krafist veðs nema að kveðið sé á um annað í

útlánareglum einstakra lánaflokka. Að auki var talið rétt að taka fram að ekki sé tekið veð í íbúðarhúsnæði nema að í því sé atvinnustarfsemi.

- gr. 10.1 - Í samræmi við vísitöluhækkun lánaheimildar lánanefndar úr 35 mkr. í 70 mkr. sem samþykkt var í stjórn fyrr á árinu er lagt til að heimildir lánanefndar til samþykktar sölu fullnustueigna hækki í samræmi, þ.e.a.s. úr 20 mkr. í 40 mkr.

Formaður bar tillögurnar upp og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Staða kvenna í landbúnaði

SEP kom á fundinn og kynnti skýrslu um stöðu kvenna í landbúnaði sem unnin var fyrir Alþingi og kom út í lok síðasta árs.

SEP vék af fundi.

7. Úthlutun rannsóknastyrkja til meistaranema

AÐ kynnti tillögur stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs um styrkveitingar til meistaranema en alls bárust 8 umsóknir frá meistaranemum þetta árið. Stjórnin er einhuga um eftirfarandi tillögu og forgangröðun og leggur til að stjórn Byggðastofnunar samþykki þær:

1.-2. sæti:

- *Upplifun ungmenna í jaðarbyggð af eigin námsgetu og námsumhverfi.* Ásdís Ýr Arnardóttir.
- *Strategy planning for local ice cream manufacturing.* Helgi Eyleifur Þorvaldsson.

3.-4. sæti:

- *Self-esteem and its impact among Eastern European women living in Northern Iceland.* Aija Burdikova.
- *Arabic women in Akureyri.* Fayrouz Nouh.

5. sæti:

- *Eiginleikar íslensks trjáviðar - þéttleiki og ending.* Sævar Hreiðarsson.

6.-8. sæti:

- *Jöfnunarsjóður metinn út frá stjórnækjum hins opinbera.* Halla Signý Kristjánsdóttir.
- *Áhrif kreppu á umferð og skipulag.* Páll R. Valdimarsson.
- *Vinumansal og kjarasamningsbrot á íslenskum vinnumarkaði.* Rannveig Gústafsdóttir.

Lagt til að verkefnin sem raðast í 1.-2. sæti fái 350.000 hvort og verkefni sem raðast í 3.-4. sæti fái 150.000 hvort. Samtals 1.000.000.

Formaður bar upp tillögur stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs og voru þær samþykktar samhljóða.

8. Fjöldi ríkisstarfa eftir landssvæðum.

ALG kom á fundinn og kynnti skýrslu um fjölda ríkisstarfa eftir landssvæðum.

ALG vék af fundi.

9. Önnur mál

HÁS, VH, OMG og LS þökkðu fyrir samstarfið við stjórnarmenn og starfsmenn þar sem þau væru að fara úr stjórn. AÐ þakkaði þeim fyrir hönd starfsmanna fyrir ánægjulegt samstarf.

10. Næsti fundur

Ekki var tekin ákvörðun um næsta fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:46

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____